

ALÚTBOÐ

ALMENNAR REGLUR UM ALÚTBOÐ

ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS
FÉLAG RÁÐGJAFARVERKFRÆÐINGA
VERKTAKASAMBAND ÍSLANDS

© 1991 Arkitektafélag Íslands, Félag ráðgjafarverkfræðinga og Verktakasamband Íslands.
Útgáfu önnudust: Hróbjartur Hróbjartsson, Jónas Frímannsson og Ólafur Erlingsson.
Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósrítun, prentun, hljóðrítun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs samþykkis höfundar og útgefenda.

FORMÁLI

Alútboð og alverk eru nýbreytni við framkvæmdir, sem tekin hefur verið upp hérlandis í vaxandi mæli nú undanfarin ár. Slíkt form útboða og samninga hefur þróast meðal nágrannaþjóða okkar nú um nokkra áratugi, en segja má, að hér sé reynslan ekki mikil. Enda þótt reynt hafi verið að taka upp aðferðir nágranna okkar hér á landi, ríkir enn veruleg óvissa um, hvernig standa beri að alútboði og alverki, þannig að vel fari og árangur náist.

Á árinu 1990 var hafinn undirbúningur að því að semja aðgengilegar reglur eða leiðbeiningar um alútboð af hálfu undirritaðra. Eftir skoðun gagna frá norðurlandþjóðunum, sem aflað hafði verið í þessum tilgangi, var ákveðið að byggja íslensku reglurnar í meginráttum á dönskum reglum, "Totalentreprise 1984", sem samtök hliðstæð okkar í Danmörku hafa gefið út. Hafa þau góðfúslega veitt heimild til að þýða þær og staðfæra fyrir íslenska útgáfu. Þá var leitað til allmargra reyndra innlendra aðila og fengin umsögn þeirra og aðstoð og má þar sérstaklega nefna starfsmenn Borgarverkfræðingsins í Reykjavík.

Reglurnar gilda fyrir meðlimi Arkitektafélags Íslands, Félags ráðgjafarverkfræðinga og Verktakasambands Íslands, og aðra sem þess óska og taka þátt í alútboði.

Hugmyndin er að þessi fyrsta útgáfa verði reynsluútgáfa tekin til endurskoðunar fyrir lok ársins 1992.

Október, 1991

Arkitektafélag Íslands
Félag ráðgjafarverkfræðinga
Verktakasamband Íslands

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	2
2. TILGANGUR MEÐ REGLUNUM	4
3. ALMENNT UM ALÚTBOÐ.....	4
4. EFNI ÚTBOÐSGAGNA	5
4.1 - Inngangur.....	5
4.2 - Grundvallaratriði	5
4.3 - Forsögn	6
4.4 - Dagsetningar	6
4.5 - Samningsákvæði.....	7
5. TILBOÐ	7
7. MAT TILBOÐA.....	7
7.1 - Almenn atriði	7
7.2 - Dómnefnd	8
7.3 - Tilhögun dómsstarfa	8
7.4 - Dómsstörf	9
8. EIGNARRÉTTUR OG AFNOTARÉTTUR.....	10
9. ÁBYRGÐ.....	10
10. ALVERKSNEFND.....	10

1. INNGANGUR

Við mannvirkjagerð er hægt að beita mismunandi aðferðum við að semja um framkvæmdir. Hægt er t.d. að semja við iðnmeistara, aðalverktaka eða alverktaka.

Tilbod fagverktaka og aðalverktaka byggjast jafnan á ýtarlegri hönnun, sem unnin hefur verið fyrir verkkaupann af arkitekt hans og ráðgefandi verkfræðingi. Að jafnaði varða tilboðin þá aðeins framkvæmdarkostnaðinn.

Alverksamningur greinir sig einkum frá öðrum verksamningum að því leyti, að í honum felst, auk framkvæmdarinnar, einnig hönnun, sem byggist á vel skilgreindum þörfum, kröfum og óskum verkkaupans.

Gagnstætt öðrum útbodsaðferðum byggist útbod fyrir alverk á lýsingu hlutverks, þ.e. skilgreiningu á kröfum og óskum varðandi lausn verksins, þar sem hvorki er farið fram á að ákveðnum lausnum né aðferðum sé beitt. Samkeppnin er ekki aðeins um framkvæmdarkostnað, heldur einnig um hönnun, þar sem alverktakinn breytir notkunarkröfum í raunhæfa framkvæmdarhönnun, sem tilbod um verð og e.t.v. tíma byggist á. Út frá þekkingu sinni á markaði og framleiðslu, velur alverktakinn þá útfærslu framkvæmdarinnar, sem hann telur best falla að óskum verkkaupans. Þannig fær verkkaupinn tækifæri til að velja milli ólíkra verðlagðra lausna.

Ef verkkaupi hefur þegar ákveðið fjárhæð þá, sem hann kys að veita til framkvæmdarinnar, getur hann tilgreint upphæðina í útbodslýsingu. Samkeppni bjóðenda felst þá í því að leysa verkefnið á eins hentugan hátt og unnt er fyrir hina gefnu upphæð.

Af ofangreindu er ljóst, að á sama hátt og fullunnin hönnun er forsenda tilboðs frá hefðbundnum verktaka, þá er forsögn, sem skilgreinir verkefni bjóðenda, forsenda tilboðs frá alverktaka.

Forsögnin fyrir alverk þarf annars vegar að greina frá kröfum og óskum verkkaupa, sem snerta fjármál, tímasetningar og lagaákvæði varðandi tilboðsgerðina og framkvæmd verksins, en hins vegar kemur fram í henni yfirlit yfir þær kröfur og óskir, sem verkkaupi gerir til hins fullbúna mannvirkis.

Verkkaupi og ráðgjafar hans semja forsögnina. Þegar um alverk er að ræða, þarfnast verkkaupi annarrar ráðgjafar en ella, þar sem hún einskorðast við samningu forsagnar, mat á tilbodum auk eftirlits með og úttektar á fullgerðu mannvirki, allt eftir gerð og stærð verksins.

Alverktakinn annast hönnunina, að jafnaði með fulltingi arkitekts og ráðgefandi verkfræðings.

2. TILGANGUR MEÐ REGLUNUM

Almennar reglur um alútboð eiga við á þeim sviðum, þar sem alútboð er frábrugðið öðrum útboðum verklegra framkvæmda.

Tilgangur með reglunum er:

- Að gefa verkkaupa yfirlit yfir þær kröfur, sem gera verður til frágangs og efnis útboðsgagna.
- Að leiðbeina um, hvernig meta eigi tilboð, þannig að forsendur ákvörðunar verkkaupa séu sem bestar.
- Að tryggja hagsmuni verkkaupa, bjóðenda, ráðgjafa þeirra og annarra hlutaðeigandi aðila.

Reglurnar lýsa þeim aðferðum, sem talið er hagkvæmast að nota.

3. ALMENNT UM ALÚTBOÐ

Útboðið fer þannig fram, að verkkaupi býður ákveðnum hópi alverktaka að gera tilboð. Verkkaupinn getur einnig boðið ákveðnum hópi hönnuða að taka þátt í útboði, arkitektum eða verkfræðingum, og verða tilboðin þá send inn í nafni þeirra alverktaka, sem þessir hönnuðir hafa valið að vinna með.

Fjöldi bjóðenda skal takmarkast við fimm í mesta lagi. Útboð með 2-5 fyrirtækjum mun í flestum tilvikum uppfylla væntingar um góðan árangur með vel unnum tillögum. Því færri sem boðið er að taka þátt í útboðinu því meiri möguleika hefur hver bjóðandi að fá verkið og því meiri er hvatningin til að leysa hönnun og verðtilboð vel.

Þessar reglur eiga ekki við, þegar verkkaupi fær einn alverktaka til að gera tilboð og semur við hann um framkvæmd verksins.

Verkkaupi getur haft forval áður en hann velur hóp alverktaka, sem hann óskar eftir tilboðum frá. Í slíkum tilvikum skal auglýsa forval í dagblöðum. Fyrirtæki, sem hafa áhuga á að gera tilboð, skulu hvött í auglýsingunni til að snúa sér til verkkaupans. Þar skal gerð grein fyrir viðkomandi fyrirtæki og væntanlegum hönnuðum að verkinu, arkitektum og verkfræðingum, þar sem fram komi reynsla verktaka og hönnuða af tilsvarende verkum.

Fyrir alverk skal velja fyrirtæki, sem sjálf eða í samvinnu við aðra búa yfir nauðsynlegri tækni, fjárhagslegri og stjórnumarlegri getu ásamt reynslu til að leysa umrætt verk. Nauðsynlegur tími til að gera tilboðið er háður stærð og gerð verksins og ætti í flestum tilvikum að vera minnst 6-8 vikur. Mjög stór eða flókin verk geta þurft lengri tíma.

Verkkaupi skal halda kynningarfund með væntanlegum bjóðendum áður en útboðsgögn eru afhent. Með því móti gefst bjóðendum kostur á að skipuleggja betur tilboðsgerð sína og eins kynnist verkkaupi þannig sjónarmiðum bjóðenda varðandi tilboðsfrest, útboðsgögn, þóknun fyrir tilboðsgerðina, matsreglur ofl.

Á það verður að leggja áherslu, að gerð útbóðsgagna krefst vandaðrar undirbúningsvinnu. Gerð forsagnar með kröfum og óskum verkkaupa er grundvöllur að allri gerð verksins og þar með kostnaði þess. Útbóðsgögn verða því að vera skýr, svo að bjóðendum sé ljóst hvers óskað er og hvaða þættir muni vega þyngst við mat tilboða. Verkkaupi verður að ákveða fyrir útbóðið, hvaða forsendur gildi við mat og val á tilboðum.

Verkkaupi verður að ákveða, hvort tilboðum og tillögum skuli skilað inn undir nafnleynd (auðkennd með merki) eða undir nafni.

Nafnleynd er ein leið til að tryggja óháðan dóm og er hefðbundin krafa t.d. í arkitektasamkeppni og er mælt með henni hér sem aðalreglu.

Í sumum tilvikum getur verið óskað eftir því, að tillögur verði kynntar fyrir dómnefnd, eða þörf verið á frekari upplýsingum. Ef verkkaupa og ráðgjöfum hans finnst þetta skipta máli, skal hafa útbóðið án nafnleyndar.

Lagt er til að verkkaupi haldi fund með bjóðendum stuttu eftir afhendingu gagna til að skýra þau nánar og leysa úr vafaatriðum og komast þannig hjá misskilningi.

Samkeppni milli alverktaka skal byggjast á sömu forsendum. Allar viðbótarupplýsingar, t.d. svar við fyrirspurn, ber að senda öllum þátttakendum og frestur til að senda inn slíkar fyrirspurnir skal ákveðinn í útbóðsgögnum.

4. EFNI ÚTBODSGAGNA

Útbóðsgögnin eru grundvöllur verðtilboða í verkið og því verða þau að gefa nauðsynlegar upplýsingar um hvað það er, sem verkkaupi krefst eða óskar eftir. Mælt er með að nota þá skiptingu, sem lýst er í greinum 4.1-4.5 hér á eftir, við flokkun slíkra upplýsinga.

4.1 - Inngangur

Í inngangi útbóðslýsingar skal vera stutt kynning á því verki, sem boðið er út, helstu dagsetningar varðandi framkvæmdina og gerð grein fyrir fulltrúum verkkaupa og dómnefndarmönnum.

Ennfremur skal koma fram, hvaða útbóðsaðferð verði beitt og hvaða verktakar taki þátt í útbóðinu.

Að lokum skal gera grein fyrir, hvaða aðferð verði notuð við mat á tillögum, sbr. 7. kafla, og hver þóknunin verði til bjóðenda, sbr. 6. kafla.

4.2 - Grundvallaratriði

Í útbóðsgögnum skal gera grein fyrir deiliskipulagi og byggingarskilmálum. Þau skulu gefa eins ýtarlegar upplýsingar um staðhætti og kostur er með afstöðumynd, hæðarmælingu, kvöðum o.s.frv.

Útbóðsgögn verða einnig að gera grein fyrir aðkomu, tengimöguleikum fyrir rafmagn, vatn, frárennsli ofl. Nauðsynlegar upplýsingar um jarðvegsaðstæður þurfa að liggja fyrir svo og sérkröfur, sem byggingaryfirvöld setja um framkvæmdina.

Ef engar ákveðnar jarðvegskannanir liggja fyrir og ekki er hægt að útvega upplýsingar um staðhætti, skulu forsendur ákveðnar fyrir bjóðendur.

4.3 - Forsögn

Verkkaupinn verður að skilgreina nákvæmlega, hvaða verk skulu innifalin í tilboðinu og hvers vegna. Ef önnur verk tengjast útbóðinu að einhverju leyti skal það tekið fram. Einnig skal gera grein fyrir því efni, sem verkkaupi hyggst leggja til, eða sérstökum kostnaðarliðum, sem taka þarf tillit til. Það skal koma skýrt fram, hvaða kröfur verkkaupi gerir til mannvirkisins og hverjar hann leggur áherslu á.

Forsögnin skal m.a. fjalla um eftirfarandi atriði:

- Hlutverk væntanlegs mannvirkis.
- Rýmisáætlun með upplýsingum um helstu stærðir. Æskilegt er að skipurit eða flæðirit fylgi.
- Notkunarkröfur einstakra byggingarhluta.
- Kröfur um stærð, notagildi og afköst tæknibúnaðar, eins og lýsingar, upphitunar, loftræsingar ofl.
- Óskir verkkaupa varðandi kostnað við verkið.
- Hvernig eftirliti verkkaupa verði háttað og hver sjái um það. Ennfremur kröfur og óskir um gæðatryggingu.

Til þess að tryggja þá hagsmuni verkkaupans, að verkið sé vel skilgreint í tilboði, verður forsögnin að lýsa notagildi þess, þar sem kveðið er á um nýtingu og gæði, án þess að tekin sé afstaða til hvernig þeim verði náð.

Ef verkkaupi gerir strax grein fyrir í útbóðsgögnum, á hvað hann leggur áherslu, eiga bjóðendur auðveldast með að koma á móts við óskir hans. Þetta á einkum við varðandi fagurfræðileg og umhverfisleg atriði.

Hægt er að nota matskerfi, þar sem vægi mikilvægustu atriða er ákveðið fyrirfram.

4.4 - Dagsetningar

Útbóðslýsing greini þessar dagsetningar:

1. Tilboðsdag.
2. Síðasta dag til að taka tilboði.
3. Upphaf verks.
4. Lok heildarverks. Ennfremur lok verkhluta, ef það skiptir máli.

4.5 - Samningsákvæði

Gengið er út frá því, að Almennir samningsskilmálar um framkvæmdir, ÍST 30, gildi um verkið. Setja þarf sérskilmála, m.a. um þessi atriði:

- Verðgrundvöll og verðbætur.
- Framkvæmdatryggingu.
- Aukagreiðslur til verktaka og tafabætur til verkkaupa vegna frávika frá lokadegi.

5. TILBOÐ

Eftirtaldar upplýsingar og gögn skulu fylgja tilboði:

- Tilboðsupphæð og greiðsluáætlun. Ennfremur fráviksboð og verð sérstakra verkþátta, ef það á við.
- Hönnunargögn; teikningar og lýsing, sem þörf er á til þess að skilgreina mannvirkið: Afstöðumynd, grunnmynd, þverskurðir og útlitsmyndir auk sérmynda. Einnig verklýsing um burðarvirki, byggingarefni og lagnir.
- Verkáætlun.

6. GREIÐSLA FYRIR TILBOÐSGERÐ

Meta skal hverju sinni, eftir eðli og umfangi verks, hvernig greiðslum til bjóðenda skuli hagað. Ef um verulega hönnun er að ræða greiðir verkkaupi öllum bjóðendum fyrir tilboðsgerðina og skal greiðslan þá vera í samræmi við sennilegan kostnað bjóðenda. Til dæmis gæti greiðsla til hvers þeirra verið á milli 0,5 og 1,0% af áætludum framkvæmdarkostnaði, háð stærð og eðli verkefnisins og þeim kröfum, sem eru gerðar um hönnun. Upphæð greiðslu á að koma fram í útboðslýsingu. Greiðslu ber að inna af hendi jafnskjótt og dómnefnd hefur haft aðstöðu til að meta, hvort tilboð mætir kröfum verklýsingar á eðlilegan hátt. Ef verk kemur til framkvæmdar á grundvelli ákveðins tilboðs, telst greiðsla til viðkomandi bjóðanda vera forgreiðsla, er kemur síðar til frádráttar samningsupphæðinni. Greiðsla fyrir tilboð endurgreiðist ekki, þó ekki verði af framkvæmd.

7. MAT TILBOÐA

7.1 - Almenn atriði

Mat tilboða í alverk er að jafnaði flóknara og erfiðara en við önnur form útboðs, þar sem verðið er aðalatriði við samanburðinn.

(Greiddar 0,2%
f. h. b. 0,4%)

Áttund.

Við alútboð þarf verkkaupinn að meta og bera saman bæði verð og hönnun. Meta þarf útlit, umhverfi, notagildi, stækkunarmöguleika, sveigjanleika og verktíma auk byggingarkostnaðar, rekstrar- og viðhaldskostnaðar.

Í því skyni að velja hagstæðasta tilboðið þarf að meta sérhverja hönnunartillögu á kerfisbundinn hátt, sbr. grein 7.2.

Ef nafnleynd er ekki áskilin, má gefa bjóðendum tækifæri til þess að gera munnlega grein fyrir tilboðum sínum áður en dómstörf hefjast að öðru leyti.

Verkkaupi á kröfu á hæfilega einfaldri og fljótvirkri matsaðferð, en bjóðendur eiga kröfu á hlutlausum og vönduðum dómi. Umsögn dómnefndar og rökstuddan úrskurð á að afhenda öllum bjóðendum. Þátttakendur eiga og rétt á að kynna sér hönnun annarra bjóðenda, þegar dómur hefur verið birtur.

Þegar verkkaupi hefur valið hagkvæmasta boðið og tilkynnt bjóðendum niðurstöður, hefjast samningar á grundvelli þess.

7.2 - Dómnefnd

Meginreglan er að verkkaupi setur dómnefnd skipaða óháðum kunnáttumönnum. Nöfn þeirra skal birta í útboðslýsingu. Dómnefnd ber ábyrgð á framgangi útboðs.

Dómnefnd skal skipuð fulltrúum verkkaupa og ráðgjöfum ásamt óháðum fagmönnum úr röðum arkitekta, ráðgefandi verkfræðinga eða verktaka tilnefndum af alverksnefndinni, sbr. grein 10.

Fjöldi dómnefndarmanna skal vera 5 eða 3 eftir umfangi verkefnis og skal verkkaupi tilnefna 3 (2) en alverksnefndin 2 (1). Einn fulltrúi verkkaupa skal vera fagmaður. Verkkaupi skipar formann nefndarinnar. Ef þörf krefur, getur dómnefnd leitað álits sérfræðinga á meðan dómsstörf standa yfir.

Við skipun fagmanna í nefndina skal, bæði af hálfu verkkaupa og alverksnefndar, taka tillit til eðlis verkefnis, þ.e. hvort hönnun, sem dæma skal, sé að meginstofni arkitektavinna, verkfræðivinna eða val verkaðferða.

Þegar um nafnleynd er að ræða skal verkkaupi skipa trúnaðarmann dómnefndar, sem annast samskipti við þátttakendur. Trúnaðarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu alverksnefndar.

Kalla skal dómnefnd nægilega snemma saman, svo að hún fái tækifæri til að yfirfara útboðsgögn áður en þau eru send út. Tilgangurinn er að tryggja, að allir nefndarmenn telji gögnin gefa fullnægjandi og skýrar upplýsingar fyrir gerð og síðan mat tilboða. Fullskipuð dómnefnd samþykki útboðsgögnin með formlegum hætti.

Semja skal um þóknun til dómnefndar áður en hún hefur störf. Verkkaupi greiðir þóknunina jafnskjótt og dómnefnd skilar lokaniðurstöðum.

7.3 - Tilhögun dómsstarfa

Dómnefndin gerir vinnu- og tímaáætlun og skiptir með sér verkum. Að jafnaði er rétt að hluti dómnefndar kanni afmarkaða efnisþætti tillagna. Niðurstöður slíkra athugana, sem framkvæma ætti í upphafi dómsstarfa, ber að leggja fyrir dómnefndina í heild.

Ef óskað er eftir áliti sérfræðinga, ætti dómnefndin í heild að taka ákvörðun um það.

Dómnefnd og sérfræðingar hennar eru bundin þagnarheiti, einnig eftir lok dómsstarfa.

Engum öðrum en dómnefnd, sérfræðingum hennar og ritara er heimill aðgangur að samkeppnisgögnum á meðan dómsstörfum er ólokið.

Dómnefnd skal haga störfum sínum í fullu samræmi við ákvæði útboðsgagna.

7.4 - Dómsstörf

Áður en dómsstörf hefjast, ætti dómnefndin, ef fært er, að skoða framkvæmdar-staðinn (samkeppnissvæðið).

Ef ekki er viðhöfð nafnleynd, skal gefa öllum þátttakendum kost á að kynna tillögur sínar fyrir dómnefndinni.

Dómsstörfin hefjast með því, að gengið er úr skugga um, að allar tillögurnar séu í samræmi við útboðsgögn.

Við mat ber að athuga eftirtalin atriði:

- Heildarfyrirkomulag, meginhugmyndir
- Notagildi
- Fagurfræðilega mótun
- Burðarvirki
- Lagnir og annan tæknilegan búnað
- Efnisval
- Lóðar- og garðskipulag
- Rekstur og viðhald

Niðurstöður þessa mats skulu bornar saman við upplýsingar, sem fylgja tillögunum, en þeim er hægt að skipta í eftirtalda meginflokka:

- Flatarmál mannvirkis
- Rúmtak mannvirkis
- Lóðarfrágang
- Tímaáætlun framkvæmda
- Framkvæmdarkostnað
- Rekstrarkostnað

Mælt er með að dómnefndin útbúi eyðublöð til notkunar við samanburð og mat. Eyðublöðin falli að atriðum útboðslýsingar og matsatriðum, sem ákveðin hafa verið.

Verkefni dómnefndarinnar er að finna þá samkeppnistillögu, sem á bestan hátt sameinar þá eiginleika, sem óskað var eftir.

Dómsstörfum skal haga þannig, að fyrst skal dæma um gæði tillagna án vitneskju um verðlagningu þeirra, og skal skipa þeim í röð eftir gæðum. Þá fyrst skulu verðtilboðin opnuð og heildarsamanburður gerður, áður en endanleg atkvæðagreiðsla fer fram.

Ef eitthvað er svo óljóst í tillögum eða tilboðsgögnum, að það torveldi öruggt mat, getur reynst nauðsynlegt að kalla eftir frekari upplýsingum frá keppendum. Það skal þó aðeins gera í undantekningartilfellum og skal setja spurningar fram skriflega

og ótvírætt, svo að hægt sé að svara af nákvæmni.

Þegar dómnefnd hefur valið hagstæðasta tilboðið, skal skrifa dómnefndarálit. Í dómnefndaráliti skal koma fram:

1. Meginsjónarmið við dóm.
2. Rökstuðningur fyrir úrskurðinum.
3. Umsögn um tillögurnar.

Dómnefndin skrifar öll undir dómnefndarálitið. Sé um ágreining að ræða, skal færa rökstuðning sérálits til bókar.

Sé viðhöfð nafnleynd, skal skila inn merktri tilboðstillögu og tilheyrandi lokuðu umslagi með nafnmiða, sem ekki má opna fyrr en dómnefndarálit hefur verið undirritað.

Ekki má birta tillögur eða tilboð opinberlega fyrr en dómnefndarálit hefur verið undirritað og það borist bjóðendum.

8. EIGNARRÉTTUR OG AFNOTARÉTTUR

Tilboðshönnun er eign bjóðanda. Á það við um höfundarrétt sem og allan annan rétt. Með greiðslu samningsverðs eignast verkkaupi einungis afnotarétt hönnunar, er kemur til framkvæmdar samkvæmt samningi.

Verkkaupi getur ekki framselt hönnunina þriðja aðila, í heild eða að hluta, né heldur birt hana án skriflegs samþykkis bjóðanda.

9. ÁBYRGÐ

Með verksamningi tekur alverktaki ábyrgð á hönnun og framkvæmd heildarverksins. Almenn lagaákvæði gilda um ábyrgðarskiptingu verkkaupa og verktaka, auk nánari skilgreiningar í Almennum skilmálum um framkvæmdir, ÍST 30.

10. ALVERKSNEFND

Arkitektafélag Íslands, Félag ráðgjafarverkfræðinga og Verktakasamband Íslands skipa hvert einn fulltrúa í alverksnefnd. Hlutverk nefndarinnar skal vera að fylgjast með þróun alverka og gera tillögur um breytingar á þessum reglum eftir því sem ástæða þykir til. Ennfremur tilnefnir hún fulltrúa í dómnefndir og trúnaðarmenn, sbr. grein 7.2. Þá er nefndin til taks með ráðgjöf um alverk fyrir þá sem kjósa að leita til hennar.